

Aðalfundur ! 2. apríl 2005.

Aðalfundur Félags trérennismiða á Íslandi verður haldinn laugardaginn 2. apríl 2005 kl. 10 í húsakynnum Kennaraháskóla Íslands, Skipholti 37.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
3. Kosning stjórnar og nefnda.
4. Ákvörðun um félagsgjald.
5. Önnur mál.
6. Fundargerð lesin og borin undir atkvæði.

Eftir fund verða kaffiveitingar og mun Guðmundur Magnússon

HANDVERK OG HÖNNUN

Karl Helgi Gíslason, Reynir Sveinsson og Úlfar Sveinbjörnsson mættu á fundi hjá H og H í febrúarmánuði. Rætt var um framtíð H og H en fjárhagsstyrkur hefur komið frá forsætisráðneytinu fyrir rekstri og nær til loka næsta árs. Skiptar skoðanir eru á gagnsemi H og H fyrir handverksmenn. Margir voru í þeirri trú að hlutverk þess væri að efla handverk um landið, halda námskeið og sýningar til að kynna og auka sölu handverks. Margt landsbyggðarfólk batt miklar vonir við að heimilisiðnaður í sveitum landsins yrði gerð þar góð skil.

Nú finnst mörgum að listamenn hafi tekið þar völdin og fundið enn þá einn spenann til að tuttla. Þeir sem komast að á sýningum eru flestir með listnám að baki, aðrir komast vart að. Sjónarmiðið er að velja aðeins það allra besta í

Fréttabréf FÉLAGS TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI.

Ábm. Reynir Sveinsson Faxatúni 36, 210 Garðabæ. Sími 565 8588.

Kt. félagsins 540395 2176. Banki 513 14 600515.

Netfang: reyn@mi.is. Veffang: trerennismidir.is.

Fræðsluefni/myndbönd: Sigurjón 553 2367 og 869 6719.

Endurprentun leyfð sé heimildar getið. Uppsetning RS.

Fundastaður Skipholt 37, 2. hæð.

Ljósm. RS nema annars sé getið.



FÉLAG TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

Fréttabréf

2. tbl. 11. árg. mars 2005



Antonía Sveinsdóttir við rennibekkin.
Sjá nánar á bls . 7.

Frá formanni

Undirritaður hefur nú gengt formensku svo lengi sem elstu menn muna og telur nú að kominn sé tími til að breyting verði á. Ég hef endurtekið það á aðalfundum að hætt sé á stöðnun ef sami aðili gegni forystustöðu of lengi (enginn hefur hlustað). Má þó helst afsaka það með góðum samstarfsmönnum sem geta haft þar nokkur áhrif. Þá er þess að geta að undirritaður hefur einnig gengt starfi ritstjóra og séð um prentun og pökkun á fréttabréfinu. Allt tekur þetta nokkurn tíma.

Það er von mín að úr þessu rætist á næsta aðalfundi. Ég er þó til í að vera í varastjórn eða nefndum og taka þannig þátt í vinnu við áframhaldandi velgengni félagsins.

Félagsmönnum hefur fjölgað um helming frá því ég byrjaði og eru nú komnir á 3. hundraðið. Hefur það byggst á góðu samstarfi stjórnar og félagsmanna, reglulegum félagsfundum, sýningum félagsmanna og útgáfu fréttabréfsins. Við hefðum þó viljað gera betur þegar við sjáum áhuga félagsmanna með góðri mætingu á félagsfundum og skilvirkri greiðslu félagsgjaldsins.

Starf stjórnar og nefnda er þó takmarkað við frítíma sem menn geta gefið sig að félagsmálunum frá fjölskyldu og vinnu.

Þegar allt að 40 félagsmenn mæta á fundum er það sjálfsagt vel yfir meðaltal í áhugafélögum. Við höfum rætt það á stjórnarfundum að á meðal félagsmanna eru margir sem gætu tekið meiri þátt í félagsstarfinu. Þeir gefa sig bara ekki fram, telja sig ekkert hafa fram að færa en það er mesti misskilningur. Meðal félagsmanna eru sérfræðingar á ýmsum sviðum sem getur nýst félaginu vel ef menn vilja vinna saman. Sýningar eru ein besta kynning á félaginu. Það sem nú brennur á rennismiðum er hvernig hægt sé að koma vörunni á framfæri og í verð. Það er vinna sem huga þarf að á næsta starfsári fyrir utan fræðslu til félagsmanna og kynningu útávið.

Félagsmönnum er þakkað fyrir gott samstarf á liðnum árum.

Reynir Sveinsson

Ragnar Arason

frá Hornafirði var á síðasta félagsfundi og sýndi okkur samlímðar skálar og vasa úr reyniviði og lerki.



Samlímðar skálar og vasi úr lerki og reyni. Ragnar Arason frá Hornafirði gerði þessa ljómandi fallegu hluti.

Antonía Sveinsdóttir

rennir í frístundum og gefur vinum og vandamönnum afraksturinn. Hún mætir á félagsfundum þegar hún kemur því við og er oft eina konan í hópnunum.

Ritstjóri og Úlfar Sveinbjörnsson heimsóttu Antoníu og fengu að líta á rennibekkinn og aðstöðuna sem hún hefur. Rennibekknun er komið fyrir í einu horni kjallara hússins sem hún býr í og verður ekki sagt að þar sé hátt til lofts og vítt til veggja. Það þurfti nefnilega að brjóta rennu framan við rennibekkinn svo hún gæti staðið upprétt sem er jú betra. Veggirnir eru hlaðnir úr grágrýti og setur svip sinn á umhverfið. Má segja að kjallarinn hafi nokkra sál eins og stundum er sagt um gömul hús. Hún rennir aðalega minni hluti til að gefa á jólum eins og bjöllur, lauka og fl. rétt svona eins og margir aðrir rennismiðir. Hún hafði það eftir manninum sínum sem sagði að hún væri ávallt í



Antonía í horninu við rennibekkinn, þá við sögina. Laukar, bjöllur og fl. sem hún hefur rennt.



Fundurinn í janúar 2005.

Kristján Heiðberg var við rennibekkinn og sýndi hvernig hann forrennir skálar úr blautum viði og geymir síðan til þurrkunar. Þurrkunin getur tekið vikur og mánuði. Því er gott að forrenna nokkrar skálar, þess vegna 10 - 20 eða jafnvel fleiri og geyma til betri tíma þegar á þarf að halda.

Kristján kom með rennandi blautan rekavið sem staðið hafði úti. Bolinn hafði hann sagað eftir kjarnanum hæfilega stóran í ca 20 cm skál.

Hornin hafði hann einnig sagað af og gert hann hringlaga til að minnka hreyfingu á rennibekknun og þá um leið minna að renna af.

Á kubbin skrufaði hann flans sem heldur mjög vel og komið fyrir í bekknum.

Byrjaði á lítilli ferð eða eins og bekkurinn þoldi án þess að fara á hreyfingu um gólfið. Vatnið sprautaðist um vegg og gólf í byrjun.

Þá renndi hann sæti fyrir patrónuna og í þá lögun sem hann ætlaði. Notaði hann til þess skálajárn. Bit getur farið fljótt úr járnunum vegna sands og óhreininda sem eru í ormagötum í rekaviðnum. Þarf því að brýna nokkuð oft. Eftir að hafa rennt skálina að utan var henni komið fyrir í patrónunni og rennd að innanverðu. Veggþykktin er síðan 15-20 mm og skálin geymd þannig þar til hún hefur þornað. Þetta kemur í veg fyrir að viðurinn springi og er gott að setja viðinn í spæni sem kom frá rennslinu og geyma fyrst í stað á köldum stað. t.d. á gólfi við bílskúrhurð. Sumir nota aðrar aðferðir, eins og örbylgjuofninn eða olúbera sem þrýstir vatninu út.

Setja í poka og opna af og til. Við þurrkunina getur skálin tekið all miklum



breytingum og aflagast og því er veggþykktin höfð allt að 20 mm eftir stærð skálarinnar til að eiga bord fyrir báru. Eftir að rekaviðarskál hefur verið fullrennd er hún oftast olúborin og fjöldi yfirferða ræðst af hversu mikin gljáa rennismiðurinn





Kristján við rennibekkinn, nokkrar forrendar rekaviðarskálur.



Flansinn skrúfaður á, rennt að utanverðu og sæti fyrir patrónuna. Síðan sett í patrónuna og rennt að innanverðu.



Færeyjaferð 27.—30. maí 2005

Eins og auglýst var á janúarblaðinu verður fyrsta utanlandsferð félagsmanna farin til Færeyja. Við erum svo heppin að einn félagsmanna er Óli Jakobsen og býr hann í Leynum. Hann mun verða fararstjóri okkar.

Frjáls dagur á laugardegi og skipulögð rútuferð á sunnudeginum. Einnig er ákveðið að halda helgarsýningu í galleríi í Þórshöfn. Pantað hefur verið fyrir þá 50 félagsmenn sem hafa skráð sig til ferðarinnar.

Í stórum dráttum er þetta ferðaplanið:

Föstud. 27. Flogið til Færeyja og lent þar kl 18:15, ekið til Þórshafnar. Laugard. 28. Frjáls dagur, sýning félagsmanna sett upp og tilvalið að líta á bæinn.

Sunnud. 29. Skoðunarferð

Mánud. 30. Flogið heim kl. 12:00

Verðið er um 46 þúsund á mann, þá er ekki tekið tillit til styrks sem Flugleiðir veita okkur.

Úlfar og Hrafnkell munu á næstunni hafa samband við þá sem hafa

Virðisaukaskattur á rennismiði/listgreinar.

Í síðasta fréttablaði var greint frá erindi Árna B. Stefánssonar og bréfaskiptum við landbúnaðarráðuneytið varðandi mismunun á skattlagningu listmuna.

Eins og menn muna kom þessi umræða upp á ný við setningu sýningu félagsmanna í Ráðhúsinu s.l. haust.

Landbúnaðarráðuneytið sendi erindið til fjármálaráðuneytisins sem hefur nú svarað erindinu. Þar er vísað í svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Ísólfs Gylfa Pálmasonar á Alþingi á síðasta ári. Þar kemur m.a. fram:

“Eins og rakið hefur verið hér að framan gilda ekki mismunandi reglur um virðisaukaskatt eftir tilteknum listgreinum, heldur er lítið til þeirra muna sem seldir eru og notagildis þeirra. Ef þeir munir sem seldir eru teljast til nytjamuna, sem eiga sér bliðstæðu í almennri verslunarvöru, er sala þeirra ekki undanþegin virðisaukaskatti”.

Svar fjármálaráðherra er á bls. 9, þannig að hver og einn getur nú dregið sínar ályktanir.

Febrúarfundurinn 2005

Jón Guðmundsson gjaldkeri félagsins var við rennibekkinn á þessum fundi og renndi box úr víðilurkum sem hann hafði þurrkað í örbylgjuofni. Boxin munstraði hann með bútjarni og fékk öldur eða gárur á yfirborðið. Litaði hann síðan þann hluta sem hann gáraði með vatnsheldum “tússlit” með bekkinn í gangi og filtoddur á tússpenna snerti efra borð gárunnar. Myndirnar skýra væntanlega meira en orð fá lýst.



Myndirnar sýna Jón lita lokið, skera það af og lita neðri hlutann. Að neðan er verið að gára flötinn og

Sérstök rennijárn fást til að gára tréð



HANDVERK OG HÖNNUN

Sýningin “Allir fá þá eitthvað fallett...” var haldin 27. nóvember til 20. desember. Úlfar Sveinbjörnsson var eini félagsmaður okkar sem tók þátt í þessari sýningu. Sýndi hann mortel.

Á meðfylgjandi mynd eru mortelin og slaufur úr tré (spæni) eftir Guðmund Jón Stefánsson. 66 munir voru á sýningunni eftir 33 listamenn.



Frá sýningunni í Ráðhúsinu s.l. haust. Pílorar/stigahandrið rennt af Guðmundi Hjörleifssyni

Virðisaukaskattur á listmuni

Á 131. Lögjafarþingi 2004-2005. Þskj. 354-263 mál.

Fyrirspurn Ísólfs Gylfa Pálmasonar um virðisaukaskatt af listmunum.

1. Er greiddur virðisaukaskattur af:
2. Glerlist
3. Málalist
4. Leirlist
5. Trélist, svo sem rennismíði úr tré.

Skattskyldusvið virðisaukaskatts er skilgreind mjög rúmt í 2. Gr. Laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Þar kemur fram að skattskyldan taki til allra vara og verðmæta og til allrar vinnu og þjónustu, hverju nafni sem hún nefnist, sem er ekki sérstaklega tilgreind undanþegin í 3. Mgr. greinarinnar. Löggin hafa ekki að geyma sérstaka tilgreiningu á vöru- hugtakinu en ljóst er að það er mjög víðtækt og getur náð til hvers konar efnislegra verðmæta. Ákvæðið slær því föstu að skattskyldan taki bæði til nýrrar vöru og notaðrar.

Þrátt fyrir framangreint eru listamenn undanþegnir skattskyldu sem falla undir tollskránumer 9701.1000-973.0000. (SVAR fjármálaráðherra)

Eftirfarandi listaverk falla undir hin tilgreindu tollskránumer:

1. Málverk, teikningar og pastelmyndir gerðar í höndum að öllu leyti, þó ekki:
 - a. Uppdrættir og teikningar til notkunnar í húsagerð, verkfræði, iðnaði, viðskiptum, landslagsfræði eða þess háttar frumverk.
 - b. Handskrifaður texti.
 - c. Ljósmyndir á ljósnæman pappír.
 - d. Handmálaðir eða handskreyttir framleiddir hlutir.
2. Klippimyndir og áþekkt veggskreytisþjöld.
3. Frumverk af stungum, þrykki og steinprenti, þ.e. Myndir sem þrykktar eru beint í sörtu og hvítu eða í lit með einni eða fleiri plötum sem listamaður hefur gert að öllu leiti í höndum án tillits til þeirrar aðferðar eða efnis sem hann notar, þó ekki með neins konar vélrænum eða ljósvélrænum aðferðum.
4. Frumverk af höggmyndum og myndstytum úr hvers konar efni. Til þessa flokks teljast ekki fjöldaframleiddar endurgerðir af listaverkum eða venjulegar handiðnaðarvörur sem hafa einkenni verslunarvöru, jafnvel þótt þessar vörur séu hannaðar eða búnar til af listamönnum.

Rammar um málverk, teikningar, pastelmyndir, klippimyndir eða áþekkt veggskreytisþjöld, stungur, þrykk eða steinprent skoðast sem hluti af þessum listaverkum, enda séu þeir að gerð og verðmæti í eðlilegu samræmi við þau.

Í frumvarpi því sem varð að lögum um virðisaukaskatt kom fram í athugasemdum við 4. gr. að undir hugtakið listaverk í þessu sambandi féll ekki endurgerðir listaverka í fjöldaframleiðslu eða iðnaðarvörur með einkennum verslunarvöru. Að þessu virtu er talið að sala nytjamuna, sem telja verður að eigi sér hliðstæðu í almennri verslunarvöru, falli almennt ekki undir ákvæðið, hvort sem þeir eru verksmiðjuframleiddir eða handunnir. Skattskyldan nær því m.a. til skála, kertastjaka, vasa og annarra leirlistmuna, hvers konar tréskurðarhandverks, textílvöru, svo sem púða, efna og fatnaðar o.fl. Hér skiptir engu máli að varan er gerð að öllu leyti í höndum eða að engir tveir hlutir eru eins.

Ný patróna frá Oneway

Talon

SÖMU GÆÐI OG EIGINLEIKAR OG

STRONGHOLD

BARA MINNI OG MUN LÉTTARI,

AÐEINS 1,5KG

TILVALIN FYRIR MINNI RENNIBEKKI!

Eigum núna líka úrval, af Áströlskum, Afríkönskum og Breskum víðarkubbul og mósutum til sölu, sérpantaða fyrir trérennismíði.

TRÉ-LIST
Bræðraborgarstíg 38,
101 Reykjavík,
s.: 5531580, trelist@es.is

VAX- & PÚÐA- SETTIÐ FRÁ ONEWAY
VIÐHELDUR KOSTUM OLIUBORINA MUNA.
ÓTRÚLEGUR GLJÁI OG FALLEG ÁFERÐ.
LÍTIL FYRIRHÖFN.

1. PÚÐINN FESTUR Í BEKKINN,
2. VAX BORIÐ Í PÚÐANN,
3. PÚÐINN LÁTIN SNÚAST Í BEKKNUM.

ÞETTA ER ALLUR GALDURINN!

DRÍR PÚÐAR & 3 x VAX



Sumarsýning HANDVERKS OG HÖNNUNAR

“Sögur af landi”

2. júlí til 4. september 2005.

Verða að vera nytjahlutir

Vera úr íslensku hráefni og/eða kveikjan að þeim sé íslensk náttúra.

Leitað er að íslensku handverki, listiðnaði og nútíma hönnun úr fjölbreyttu hráefni. Skila þarf inn fullnummunum í síðasta lagi 9. maí n.k..

Þeir sem vilja taka þátt hafi samband við skrifstofu H og H og þar er síminn 551 7595.



Rennijárn sem Jón Guðmundsson hefur smíðað og á myndin til vinstri er